

Fiskeldisfréttir

Norræn bleikjueldisráðstefna

Samnorræn ráðstefna um eldi ferskvatnsfiska er í Reykjavík daganna 13. – 14. október 2009 á Fosshótelinu Lind við Rauðarstíg.

Arctic charr farming in the Nordic countries

13–14 Oct 2009 Reykjavik

Markmiðið verkefnisins er að halda áfram að þróa hagkvæmt og umhverfisvænt eldi ferskvatnsfiska á Norðurlöndunum. Mikil-

vægur þáttur í þróun greinarinnar í hverju landi er að draga fram það góða orðspor sem fer af ferskvatnseldi og matvælaframleiðslu á Norðurlöndunum. Í ár er ráðstefnan Íslandi og þemað er bleikjueldi á Norðurlöndunum. Markmið ráðstefnunnar er að þessu sinni:

- að vera árlegur vettvangur fyrir eldismenn, vísindasamfélagið, stjórnsýslu, framkvæmdavaldið á Norðurlöndunum
- kynna hagnýtanlegt vísinda- og þróunarstarf
- styrkja samstarf á milli Norðurlandanna með netverki og sameiginlegra vísinda- og verkefnaþróun
- finna nýja möguleika og tækifæri í ferskvatnsfiskeldi

Ráðstefna hefst 13. október kl. 12 með skráningu og hádegisverði og stendur til kl. 18:00. Næsta dag, 14. okt. hefst ráðstefnan kl. 8:30 með erindum. Fimm vinnuhópar fjalla um markaðsmál, kynbótastarfið, tækni, hámrökun framleiðslu og sjálfbæra framleiðslu. Skipuleggjendur eru:

- Landssamband fiskeldisstöðva, The Icelandic Aquaculture Association
- Bioforsk, Norwegian Institute for Agricultural and Environmental Research
- Swedish University of Agricultural Sciences
- Technical University of Denmark.

Nánari upplýsingar og skráning eru á vef Landsambands fiskeldisstöðva (www.lf.is) og á slóðinni:

www.bioforsk.no/ikbViewer/page/fagomrader/fagomrade/omrade/tema/artikkel?p_document_id=48803&p_dimension_id=18189



Á árinu 2008 voru framleidd um 3.000 tonn af bleikju.

Staða bleikjueldis og framtíðarhorfur

Að beiðni Einars Kr. Guðfinnssonar fyrrverandi sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra var Marine Spectrum ehf. falið að taka saman skýrslu um stöðu bleikjueldis á Íslandi. Við upplýsingaöflun var rætt við ýmsa aðila sem tengjast bleikjueldi og eldisstöðvar heimsóttar. Einnig voru fjölmargir staðir skoðaðir vegna vatnstökumöguleika. Í samantekt kemur m.a. fram:

„Það er mat okkar að markaður fyrir eldisbleikju geti vaxið um 10-20% á ári. Þessi vöxtur er þó háður því að ötullega sé unnið að markaðsmálum”.

„Athugun okkar hefur leitt í ljós að verulegt ónotað eldisrými er fyrir hendi. Gera má ráð fyrir að ef allt það eldisrými væri nýtt til bleikjuframleiðslu væri hægt að tvöfalda núverandi framleiðslu þ.e.a.s. framleiða 6.000 tonn af bleikju á ári”.

„Á landinu finnast margir góðir staðir þar sem náttúrulegar aðstæður til fiskeldis eru góðar og tiltölulega einfalt er að koma upp lítilli/meðalstórri framleiðslu á bleikju með fremur litlum kostnaði – sem nýtir sjálfrennandi vatn og endurnýtir vatnið að hluta. Þessi hugmynd byggir á notkun dúkklagðra tjarna – þar sem vatnið er endurnýtt að hluta milli

tjarna”.

Slóðin: www.sjavarutvegsraduneyti.is/utgefing-efni/nr/9756

Verkefni styrkt af Tækniþróunarsjóði

Litun bleikjuholds

Mikilvægt er að halda háu verði bleikjunnar á mörkuðum. Ein leið til þess er að skilgreina bleikjuna sem náttúrulega/ lífræna. Til þess þarf að nota lífrænt litarefni til holdlitunar. Ef tekst að hækka verð á bleikju um 10% með því að skilgreina hana sem náttúrulega/ lífræna má búast við veltu í greininni upp á 5,5 miljarða 2019. Enginn samiburður hefur hingað til verið gerður á kemískum og lífrænum litarefnum í bleikjufóðri eins og hér er stefnt að.

Slóð: www.rannis.is/sjodir/taekniþrounarsjodur/verkefnalisti/nr/1747/

Hámarksafurkastur í bleikjueldi

Ísland hefur um árabil verið leiðandi við framleiðslu og þróun á bleikjueldi með meira en 50% af heimsframleiðslu. Þrátt fyrir að bleikja vaxi vel við lágan eldshita hefur takmarkað seltuþol bleikju gert það að verkum að framleiðslan fer nær eingöngu fram í eldisstöðvum á landi. Hár framleiðslukostnaður landelissstöðva samborið við kostnað við kvíaelði kallar á tæknilegar úrlausnir og nálganir við framleiðslu sem hafa það að markmiði að lækka framleiðslukostnað og auka framlegð. Hrygning árið um kring, bætt nýting á eldisrými og aðföngum, aukinn vaxtarhraði og lækun á kynþroskatíðni eru mikilvægir þættir til þess að draga úr framleiðslukostnaði. Í PROCHARR leggjum við áherslu á að þróa og bæta þessa þætti.

Slóð: www.rannis.is/sjodir/taekniþrounarsjodur/verkefnalisti/nr/1907/

AVS sjóðurinn: Kynning á niðurstöðum

Skilgreining á kjöreldisaðstæðum á seiðastigi og í matfiskeldi á bleikju

Niðurstöður gáfu til kynna verulegan ávinning af því að ala bleikju á seiðastigi við kjörhita, nálægt 15°C, ef markmið í eldi er að ala smærri bleikju til slátrunar, minni en 600g. Eftir 6 mánaða eldistíma var bleikja sem alin hafði verið á 15°C um 24% stærri en bleikja við 12°C og 43% stærri en bleikja við 9°C. Verulega dró úr vexti þegar fiskur var fluttur niður um hitaþrep. Bleikja sem alin var við lægri eða millihitastig, 9 og 12°C, á seiðastigi og í áframeldi hafði hærri sláturþunga eftir 10 mánaða eldistíma heldur en bleikja sem alin var við hærri hitastig á seiðastigi. Hlutfall kynkirtla (GSI-index) við slátrun var jafnframt hærri fyrir fisk sem hafði verið alinn við hærri hitastig á seiðastigi. Þessar niðurstöður gefa til kynna að ef markmið í eldi er að framleiða stærri bleikju, þyngri en 1 kg, er hagkvæmara að ala bleikjuna við hóflegan eða lægri eldshita (hér 9°C) á seiðastigi til þess að draga úr neikvæðum áhrifum snemmbærs kynþroska á síðari stigum eldis.

Slóð: <http://www.avs.is/frettir/nr/1932>



Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum

Nýrnaveiki í laxfiskum: greining sýkingar og framvinda sjúkdóms

Sérfræðingar hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum hafa þróað aðferð til að greina búið úr erfðaeftirni nýrnaveikibakteríunnar, sem er ódýrari og einfaldari en sambærilegar eldri aðferðir. Nýrnaveiki í laxfiskum er langvinnur sjúkdómur sem lyf vinna ekki á og ekki er unnt að bólusetja gegn, auk þess sem hann er einn fárra bakteríusjúkdóma sem getur borist milli kynslóða innan hrognna. Þessi sjúkdómur hefur valdið miklu tjóni í gegnum tíðina. Sjúkdómurinn var löngum erfður í greiningu þar sem ræktun bakteríunnar tekur margar vikur. Því er sérstaklega mikilvægt að hafa annars konar aðferðir til sjúkdómsgreininga, sem geta gefið skjótar niðurstöður.

Slóð: www.avs.is/frettir/2009/08/21/nr/1931

Markaðsátak fyrir bleikjuafurðir á erlendum mörkuðum 2007 - 2009

Um þessar mundir er hljóðið gott hjá bleikjuframleiðendum. Sala á bleikju gengur vel og staðan sterk, ekki aðeins vegna þess hve gengið er hagstætt fyrir útflutningsgreinarnar, heldur einnig vegna mikillar eftirspurnar á mörkuðum í Bandaríkjunum og nágranaþjóðunum á Norðurlöndunum. Telja margir bleikjuframleiðendur að öll framleiðsla ársins sé seld.

Slóð: www.avs.is/frettir/2009/06/22/nr/1923

Ný reglugerð

Sjavarútvegs og landbúnaðarráðuneytið gaf nýlega út reglugerð nr. 736/2009 um úthlutun aflaheimilda í þorski vegna tilrauna við föngun fisks til áframeldis og framkvæmd þess. Í reglugerðinni er m.a. að finna hvernig á að standa að auglýsingu um úthlutun og mat á umsóknnum, framkvæmd úthlutunar og föngun þorsks, innköllun og endurúthlutun aflaheimilda.

Slóð: www.sjavarutvegsraduneyti.is/log-og-reglugerdir/allarreglugerdir/nr/9776